

FYRIRSPURN – Mýrargata nr. 2-8, 10 og 12 / Færsla á sorpgeymslu

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Freys Frostasonar, dags. 9. maí 2025, ásamt greinargerð, dags. 9. maí 2025, um að færa sorpgeymslu fyrir hótél Marina að Mýrargötu 2-8 og 12 frá vesturhlið núverandi spennistöðvar að Mýrargötu 10 við austurhlið spennustöðvar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Deiliskipulag Slippa- og Ellingsensreitir Reitur 06 / 2. áfangi

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt landnotkun gildandi aðalskipulags er lóðin innan Miðborgar (M1).

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag *Slippa- og Ellingsensreitir*, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þ 11. júní 2007, ásamt síðari breytingu, 2. áfangi, *Ægisgarður 5 og 7*, staðfest í B-deild Stjórnartíðinda þ 5. september 2018.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi breytta staðsetningu sorpgeymslu fyrir hótél Marina. Bent er á nýja staðsetningu við dráttarbraut í einkaeigu innan lóðar Faxaflóahafna við Ægisgarð nr. 1. Ljóst má vera að núverandi staðsetning þétt við eystri lóðamörk Hlésgötu nr. 2 er ófullnægjandi í samhengi við uppbyggingu íbúðareitsins við Vesturbugt þar sem hefst brátt uppbygging. Ný sorpgeymsla mun eftir sem áður halla sér að núverandi byggingu nr. 10 / spennistöð.

Ekki er ráðlagt að minnka geymsluna frá núverandi horfi eins og stungið er upp á greinargerð þar sem hótelið þarf að uppfylla kröfur laga um meðhöndlun úrgangs og samþykktar um meðhöndlun úrgangs varðandi flokkun, m.ö.o: geymslan má ekki vera það lítil að hótelið lendi í vandræðum með flokkunaraðstöðuna eða þurfi að kaupa óeðlilega mikla losunartíðni sem hleypir upp kostnaði. Aðgengi þarf auk þess að vera gott fyrir notendur geymslu og starfsfólk verktaka við sorphirðuna.

Aðkoma bílsins að geymslunni er talsveð áskorun. Skv. 5.3.2.2. gr. í skipulagsreglugerð á að gera grein fyrir aðkomu sorpbíla á sama hátt og neyðarbíla. Samkvæmt því verður að skýra með skýrum hætti hvernig sorpbíllinn ekur að geymslunni og frá henni. Æskilegast væri að hann gæti ekið í gegn eða það væri möguleiki á snúning.



Lagt er til skv. greinargerð að samhliða færslu sorpskýlisins (grá viðbygging) austan við spennustöð (græn bygging) mætti endurbæta og skapa heilstætt mannvirki.



Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að sorpaðstöðu verði komið fyrir á breytttri staðsetningu svo lengi sem tekið verður tillit til ofangreindra atriða. Breyta þarf deiliskipulagi á kostnað umsækjanda eða þess sem veitir umboðið að fengnu samþykki lóðarhafa.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við í erindið

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík